


Pversagnirnar í hverju landi

Þorgeir Þorgeirsson:
Ja – þessi heimur.
Veraldarsaga og reisubók Péturs Karlssonar Kíðson.
Íðunn 1984.

Þorgeir Þorgeirsson hefur skráð „veraldarsögu“ Péturs Kíðson, sem hingað kom til Íslands sem lítt reyndur njósnari Hans Tígnar Bretakonungs, skómmu eftir að landið var hernumið 1940. Við fylgjum Pétri síðan suður til Egyptalands, til Ítalíu að yfirheyra þýska stríðsfanga, til Ósló þar sem fram fer uppgjör eftir þýskt hernám, til Finnlands og til Moskvu að tefla refsaká við Rússa, til Parísar og til Hongkong að yfirheyra rússneska hvítliða á flotta undan kínvörsku byltingunni. Og síðan aftur til Íslands 1956: Þá er Pétur leyniþjónustumaður til þess settur að fylgjast með umsvifum Rússa hér á landi og flækist mjög í þorskastríðið sem var í uppsiglingu og er á öndverðum meðli um meðferð þess við yfirmann sinn, Gilchrist, sendiherra. Upp úr þorskastríði gengur Pétur úr bresku utanríkisþjónustunni, sest að á Íslandi og vinnur fyrir sér með margvíslegum hætti – undir lok bókarinnar er Spánn orðinn suðri Cadiz fyrir nokkrum kvöldum. En svona hefi ég löngum verið. Laginn að kynast ýrustu þversögunum í hverju landi og láta mér líka jafnvel við báðar“.

Þessi virka forvitni sem sneiðir hjá dómum er sterkur þáttur í þessari frásögn. Sú lífsafstaða er ekki líkleg til að ota mönnum út í



ÁRNI
BERGMANN

Pétur lýsir sjálfum sér sem tvískiptum manni – í afstöðu til kynlífs og stjórnmála, í spurningunni um það, hvar hann á helst athvarf á jörðunni. Hann segir frá því á einum stað, hvernig hann með fátta daga millibili situr í góðu yfirféti með Trotskistum undir rauðum fánum í ölöglegum kjallara í Cadiz á Spáni og rabbar svo næturlangt við kaffein í lífvarðaveit Francos meðan lestin brunar til Madrid. Svo segir Pétur:

„Félagsskapurinn viðbrigði frá þeim í kjallaranum suðri Cadiz fyrir nokkrum kvöldum. En svona hefi ég löngum verið. Laginn að kynast ýrustu þversögunum í hverju landi og láta mér líka jafnvel við báðar“.

Þessi virka forvitni sem sneiðir hjá dómum er sterkur þáttur í þessari frásögn. Sú lífsafstaða er ekki líkleg til að ota mönnum út í

afrek, þeir sem hana hafa eiga ekki þá „einsýni“ sem þarf til svo virkar afskiptasemi af hlutum. Pétur segir að sér hafi ungum verið spáð kjarkleysi og telur að þau forlög hafi eftir gengið. Ekki veit ég hvort kjarkleysi er rétt orð. Kannski væri réttara að segja sem svo, að Pétur gangi með þá forvitni og síðar þann fróðleik um ríki og hugmyndaðkerfi sem lamar athófn – en stækkar hinsvegar reynslusviðið.

Það er blátt áfram skemmtilegt að fylgjast með Pétri á njósnaraveiðum norður á Rauðarhöfn á stríðsárunum, eða í skrytnum yfirheyrslum yfir Rússum í Hongkong eða óvart dottnum í fjallkonuhlutverk meðal frónskumælandi aðskilnaðarsinna í Quebec í Kanada. Mætti þann lista lengja að mun – en vitanlega hafa Íslendingar mestan áhuga á diplómatiskski leyniþjónustu Péturs meðan á þorskastríði stóð. Verður það snjallræði Péturs eftirminneglastað stílla uppstoppaðri æðurkollu upp á borð fyrir framman Hermann Jónsson forsetisráðherra í ágætri veislu í breska sendiráðinu.

Pétur segir einhversstaðar á þá leið, að hann hafi viljað komast hjá því að svara aðra menn og ekki viljað hlifa sjálfum sér í frásögninni. Hann játar um leið að þessi áreglu sé ekki hægt að fylgja eftir. Þó mun enginn segja að Pétur sé að hlifa sjálfum sér þegar kemur að fyrstu ástinni sem kemur til hans seint og síðarmeir á




Kanaríeyjum. Það er dapurleg saga og ber eins og óvart með sér ávæning af sambandi Aschenbachs og drengsins Tadzio í Daudinn í Feneýjum, því veruleikinn líkir ósjálfrátt eftir bókmenntunum – og öfugt. Aftur á móti má vel halda því fram að Pétur hlífi leyniþjónustuhlíðinni á sjálfum sér full mikið. Gefur þá einatt ýmislegt til kynna sem vekur forvitni, sem síðan er ekki svarað. Varfærni hans getur sýnt óþörf utanveltumanni – eins þótt Pétur hafi tilhneigingu til að gera nokkuð úr því, að margt af því sem undir leyniþjónustu fellur sé næsta ómerkilegt.

Pétur hefur um leið og hann

hamrar á fátíðleikanum í leyniþjónustunni tilhneigingu til að draga það fram að njósnari geti haft „jálkvæðu“ hlutverki að gegna. Njósnarinn getur verið á milli þess sem aðrir geta ekki farið með, ef vel gengur getur hann hjálpað til við að menn meti mál-in af traustari skyngsemi. Lesandnum skilst að þetta hafi Pétur viljað gera í þorskastríðinu, en verið ofurliði borinn af valdhroka Gilchrist sendiherra, og mun slíkt ekki einsdæmi úr sendiráðum. En allt er þetta einum of óljóst. Líka það, að eitthvað verða leyniþjónustumenn að kunna fyrir sér í list hins tvöfalda leiks til að ná árangri. Aftur á móti skilar Pétur þeirri umstætturkennd sem leyniþjónustumaðurinn gengur með og mun seint yfirgefa hann.

Ja – þessi heimur, heitir bókinn. Ja – þessi Pétur, gætu menn eins sagt. Hann talar nokkrum sinnum um þá illu meðferð sem hans kynslóð setti, að vera troðin í hermabúning og vera látin stunda fátíðleiga iðju stríðsleiksins. Hann er óralangt frá þeim söknuði eftir stríðsárunum þegar „allir vissu hver var hvað“ sem er svo algengur hjá fjandvinnu Péturs, Rússum. En þegar allt kemur til alls: Líklega var Pétur tiltölulega heppinn. Svo mikið er víst, að hann fór um margar borgir og þekkti margt manna – eins og Odýseifur. En að visu átti hann ekki Penelópu heima fyrir.


ÁB.




Alli Ríki á Eskifirði

sem brýst áfram af eigin rammleik. Við lesturinn hvarflar það kannski að manni að ef Alli hefði

ekki verið svo sjóvefur, sem hann sjálfur lýsir, hefði hann aldrei farið í finu fötin.



2. Sfinx, 1984.




1. Taurus, 1982.

Í vestursal Kjarvalsstaða heldur Ásgerður Búadóttir sýningu á 16 vefmyndum. Þær eru frá undanföllum þremur árum og fjórar þeirra eru gerðar á þessu ári. Sýningar Ásgerðar eru viðburður í íslensku listalífi og er skemmt að minnast yfirlitssýningar á verkum hennar í Listasafni ASÍ, árið 1981. Síðan sú sýning var haldin hefur margt drifið á daga Ásgerðar. Hún var valin Myndlistarmaður ársins 1982, af dómféld Dagblaðsins & Vísis. Sama ár var hún kjörin í hóp listamanna sem sýndu verk sín um Bandaríkin þver og endilöng, í tilefni af norrænu menningarhátíðinni þar í landi og nefnd var Scandinavia today. Á síðasta ári hlaut Ásgerður starfslaun Reykjavíkurborgar og frá maí til ágústmánaðar á þessu ári sýndi hún verk sín í Nikolaj-kirkju í Kaupmannahöfn, ásamt Svavari Guðnassyni, í boði Kaupmannahafnarborgar.

Sérstaða hvers verks

Ég gat þess áður að hver sýning Ásgerðar væri viðburður í íslensku listalífi. Ástæðan er sú að hvert verk hennar hefur sín sérstöðu, líkt og væri það heimur út af fyrir sig. Vissulega er þetta huglægt mat, en fyrir því liggja samt ákveðnar röksemdir. Þær



Hin klassíska viðmiðun

Ásgerður Búadóttir í vestursal Kjarvalsstaða

eru í stuttu máli þær, að með hverju verki bætir Ásgerður nýjum þætti við úrlausnir sínar. Það eru engin byltingarkennd atriði sem breyta aðferðum hennar eða stíl í grundvallaratriðum, heldur eru það næsta lítilfjörleg hlíðarspor sem þrátt fyrir smáð sína eru ávallt vísir að einhverju nýju.

Slík þróun, fet fyrir fet, skapa spennu sem raunar er erfið að útskýra í hverju er fólgin. Ef til vill er galdurinn sá, að Ásgerður snúir sér þróngan stakk sem þrátt fyrir allt er nægilega víður til að spanna það sem hún hefur að segja og ögn meira. Spennan er ekki ósvipuð þeirri sem skapast þegar kattliðugir jógar vöðla sjálfur sér saman og þrengja sér inn í búr, sem ekki virðist nema brot af ummáli þeirra.

Þó er töluverður munur á Ásgerði og jóganum. Hvað sem maður getur vöðlað sér saman, þá eru honum að lokum viss takmörk sett. Hins vegar virðast Ásgerði lítil takmörk sett í sínum sparlega myndheimi. Þar virðist ávallt nægilegt pláss fyrir nýjar spurningar eða nýjar leiðir, þótt ramminn og efnið breytist lítið.

Að staðsetja hlutina

Picasso sagði eitt sinn að galdur myndlistarmannsins væri ekki fólgin í því að nota marga líti. Hins vegar væri það svo, að þeir virtust fleiri ef væri fundinn réttur staður í listaverkinu. Þegar litaval Ásgerðar er kannað kvantit-



atítt, kemst áhorfandinn sér til furðu að því að hún takmarkar skala sinn við fáa líti. Raunar er þar einugus um tvo líti að ræða, rauðan og bláan, svo og undirflokk þeirra eða tilbrigði. Stundum lætur Ásgerður sér nægja hvítan og svartan, en áhöld eru um það hvort þeir geti kallast litir í eiginlegri merkingu orðsins. Eins er því varið með formhugsun hennar. Þar ráða mestu ferhynd og hringlaga form. Áferðin

er slétt að undanskildum hrosshárunum sem mynda afmarkaðan, lodinn flöt, oftast í miðju verkinu.

En ekki er það nægjanlegt að telja upp hin fáu formbrigði sem Ásgerður notar, því staðsetning þeirra er jafn sparleg og formin eru fá. Í velflestum tilfellum gengur Ásgerður út frá samfelldum byggingu mynda sinna, svo ekki auðveldar það henni valkosti í formfæðinni.

Þrátt fyrir það getir aldrei tilbreytingarleysis í verkum hennar né endurtekninga. Það stafar af áðurnefndum smáatriðum eða hlíðarsporum sem þrátt fyrir lítið umfang skipta sköpum fyrir heildina. Ullarband sem gengur niður fyrir ákveðið form, agnarögn af lit í annars litlausu verki, eða lítið eitt afbrigðilegt form innan um fjölda reglulegra, meira þarf Ásgerður ekki til að fremja galdur sinn við vefstólinn.

Höfuðskepurnar

Það er þessi persónulegi minimalismi eða naumhyggja sem gerir verk Ásgerðar svo sérstæð. Hún gjörnýtir möguleika sína og gæðir um leið hvert verk lífi sem

er í ætt við höfuðskepurnar. Nöfn verkanna virðast valin af sömu kostgæfni og vefurinn er ofinn. Þau segja margt um hugmyndaheim Ásgerðar og kosmískt umfang vefmynda hennar. Íslensk nöfn á borð við Eldland, eða grísk nöfn eins og Sfinx, falla vel að verkunum og vekja áhorfandann til umhugsunar um aðra og dýpri þætti en hina formálisku. Ásgerður er nefnilega langt frá því að vera formalísk, þó svo hún fái við formræna þætti í verkum sínum. Bak við hina einföldu uppbyggingu leynist hugsun, eitthvað í ætt við klassískt innsei sem bindur saman annað og meira en form og líti. En það er einmitt svo með klassíkina, að þrátt fyrir það, að hvert atriði hennar sé ljóst og mælanlegt í stærðfræðilegum skilningi, á sér stað einhver meginbreyting þegar líti þessi atriði koma saman.

Það er einmitt í samsetningu þessara atriða sem Ásgerður sýnir hæfileika sína best. Hún ræður yfir öllum þáttum sköpunarverks síns og tekst að sveigja þá að vild sinni undir sterka og samræmda heild, án þess þeir gjaldist þess að vera njórvaðir niður á þann hátt. M.ö.o., þá heldur hver þráður sínum fulla styrk í öfrofa samhengi. Eftir stendur lífandi og síkvíkur heimur, sem með hverju nýju verki þróast og breytist. **HBR**

Lífið er lotterí
Sagan af Aðalsteini Jónssyni og Alla ríka
Asgeir Jakobsson. Setberg 1984.


Asgeir Jakobsson hefur nú búið einni bók við í safn sitt um sjómannsku og útgerðarmenn og að þessu sinni segir hann söguna af Aðalsteini Jónssyni útgerðarmanni á Eskifirði sem í munni þjóðarinnar er kallaður Alli ríki. Reyndar er að því látið liggja að bókinn sé um tvo menn, Aðalstein og Alla, alvörumanninn og strákinn, um dugandi og kjarkmikinn útgerðarmann hins vegar og glaumgossann annars vegar, um tvo menn í sama skrokk. Ekki er þessi sköðun skrásetjara sögunnar þó mjög vel rökstudd því eins og Alli kemur fram í eigin persónu á síðum bókarinnar verður ekki annað séð en að um heilsteypant mann sé að ræða, ósköp venjulegan dagnaðarmann úr íslensku sjávarplássi sem hafist hefur úr sárustu fátækt upp í það að vera aðalathafnarmaður plássins. Svo er annað mál hvað þjóðsagan segir um persónuna.

Bókin ber þess merki að Aðalsteinn Jónsson hefur ekki haft of mikinn tíma til að sinna rithöfundinum að sunnan enda önnum kaffinn maður. Hún er því að miklu leyti byggð á eigin rannsókn Asgeirs Jakobssonar á uppruna og ferli hans og eigin hugleiðingum um persónuna.

Fyrst er langur kafli um ætt og uppruna Aðalsteins og er sagan þar rakin allt til 18. aldar. Miðbik bókarinnar er svo allt um ferli Aðalsteins og athafnasemi hans og loks er eins konar viðtalsþáttur þar sem margt ber á góma milli himins og jarðar og fléttast þar inn í hugleiðingar skrásetjara. Stíll bókarinnar er því eiginlega þrískiptur: 1. Aðdragandi, 2. Saga samtímamanns og 3. Samtal.

Annars er Asgeir alltaf hressilegur í skrifum sínum og á það til að taka stórt upp í sig og Alli er býsna snöggur upp á lagið og

virðist ekki meira en svo gefið um að verið sé að skrifa heila bók um sig, mann á besta aldri. Á einum stað harðneitar hann að tala um trúarlíf sitt og sál, segir: „Bókaðu bara: engin sál“. Eftir nokkurt þras um þetta hefur Alli við orð að kaupa sér byssu og skjóta rit höfundinn eftir að bókinn er kominn út. Þannig eru býsna fjórlegir




GUÐJÓN
FRÍÐRIKSSON

sprettir í samtalinu og þar komumst við líklega næst persónu Alla.

Frá sagnfræðilegu sjónarmiði er margt gott um bókina að segja

og höfundur leggur sig í nokkurn líma við að útskýra aðstæður til sjósóknar á Austfjörðum. Alli kemur undir sig fótunum í síldveiðum og við síldarsöltun upp úr 1950 og er síðan meðal helstu athafnamanna í þeim greinum. Félagshyggjunnar höfuð komið á fót Hraðfrystihúsi Eskifjarðar árið 1948 en lektur þess gekk illa. Svo fór að ríka og Kristinn bróðir hans keyptu meirihlutann í frystihúsinu árið 1960 og Alli fer þá úr síldargallanum í finu fötin. Þessi þáttur í útgerðarsögu Eskifjörðinga gæti verið lærdomsríkur fyrir samvinnumenn. Þeir skrifuðu af mörg breff. Alli er hins vegar djarfur í ákvörðunum, fljótur að taka upp nýjungar og heppinn í vali á starfsmönnum.

Í heild er bókinn skemmtileg aflestrar og dæmigerð um mann



Hér er sýnd uppskrift af Helgisíðabók með hendi Jóns lærða Guðmundssonar en sjálf hin prentaða bók hefur ekki varðveist í heilu eintaki. Til vinstri má sjá ljósmynd af titilsíðu bókarinnar sem var prentuð á Hólum 1581. Ljóm. –eik.

Guðbrandssýning

Sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins helguð Guðbrandi biskup

Í tilefni af því að 400 ár eru nú líðin frá því að Guðbrandsbiblía kom út á Hólum í Hjaltadal enfrir Þjóðminjasafn og Landsbókasafn í sameiningu til sýningar í Bogasal Þjóðminjasafnsins er nefnist Guðbrandur biskup Þorláksson og bókaútgáfa hans. Þar eru sýndar bækur hans, aðrar bækur frá upphafi prentaldar á Íslandi, kort, persónulegir munir Guðbrands biskups og fleira.

Guðbrandur Þorláksson var ákaflega mikilvirkur bókaútgefandi og á þeim árum sem hann stýrði prentverkinu á Hólum og Núpufelli voru prentaðar 100 bækur en aðeins eru varðveitt eintök af 79 þeirra og þar af eru 18 á sýningunni. Þar má einnig sjá ljósmyndir af titilsíðum annarra bóka og uppskrift af Helgisíðabók sem prentuð var 1581 en hefur ekki varðveist í heilu ein-

taki. Þá eru hér fleiri biblíur svo sem biblíja Kristjánns III., sem var aðalrymnd Guðbrandsbiblíu, og Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar sem prentað var í Hróarskeldu árið 1540, fyrsta prentaða bókinn á íslensku, en vitad er um 11 eintök af henni í heiminum. Einnig eru á sýningunni skjalabækur með hendi Guðbrands biskups og hið fræga Sigurðarregistur svo að nokkuð sé nefnt.

Af munum má nefna kistla, ferðaveski, tinask, vínskál og fleira sem allt er talið komið úr búi biskups. Kistill einn er þar talin skorin af honum sjálfum.

Guðbrandur Þorláksson er sem kunnugt er einhver mikilhæfasti biskup í lútherskum sið hér á landi og á sýningunni eru málverk af honum en hann er talinn fyrsti Íslendingur sem vitad er

hvernig leit út.

Hér verður ekki farið út í nánari útlitastír á ævi og verkum Guðbrands enda er sýningin fyrst og fremst helguð bókaútgáfu hans, kortagerð og smíðum. Þess skal þó getið að prentsmíðu flutti Jón Arason biskup til landsins um 1530 og eru aðeins heilmildir um að hann hafi látið prenta þar tvær bækur en þær eru nú glataðar nema e. t. v. tvö blöð. Þá er vitad að Ólafur Hjaltason biskup á Hólum lét prenta bækur, eru tvær þeirra varðveittar, báðar í einu eintaki og óheilar. Það er svo ekki fyrr en með Guðbrandi að prentun hefist hér í stórum stíl. Sýningin í Bogasalnun er því ágæt til glöggvunar á upphafi prentaldar á Íslandi og varpar ljósi á mikilháfan mann sem hafði mikil áhrif á sínum tíma.

–GFr



Einar Gunnar Pétursson cand. mag. og Þór Magnússon þjóðminjavörður sýna blaðamönnum hluta sýningarinnar. Í kassanum eru tvö eintök af Guðbrandsbiblíu með áletun Guðbrands sjálfs. Til vinstri er biblíja í upprunalegu bandi sem hann gaf kirkjunni að Hálasi í Fnjóskadal á áttunda degi jóla 1588 en biblíuna til hægri gaf hann kirkjunni að Knappsstöðum í Stíflu. Á milli þeirra er eina myndmótið sem varðveist hefur sem notað var við prentun Guðbrandsbiblíu. Að baki sér í eitt af málverkum sem til eru af Guðbrandi biskupi en hann er fyrsti Íslendingurinn sem vitad er hvernig leit út. Ljóm. –eik.